

6. gr.

Úthlutuð framlög hvers árs skulu greidd sveitarfélögum í tvennu eða þrennu lagi eftir framkvæmdahraða, umfangi framkvæmdar og fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áður en til greiðslu kemur skulu liggja fyrir gögn frá sveitarfélagi um framkvæmdastig og framkvæmdakostnað staðfest af löggiltum endurskoðanda sveitarfélagsins. Heildarframlag skal ekki greitt fyrr en búið er að framkvæma fyrir jafnvirði þess eða hluta þess, greiðist framlagið í tvennu eða þrennu lagi, enda hafi jafnframt verið framkvæmt fyrir móttframlag sveitarfélagsins. Jöfnunarsjóðurinn lætur útbúa sérstakt eyðublað sem sveitarfélög skulu útfylla og senda sjóðnum þegar þau óska eftir greiðslum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal skila umsóknum um stofnframlög til félagsmálaráðuneytisins fyrir 15. október 1996 vegna framkvæmda á árinu 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1996.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING**um umferð á Hólmavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Hólmavíkurhrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hólmavík:

1. Eftirtaldar götu hafi biðskyldu gagnvart Hafnarbraut: Skeiði, Lækjarhvamur, Höfðatún, Austurtún, Skólabraut (Vitabrekka skv. aðalskipulagi), Vitabraut, Hólmavíkurhöfn (ofan og neðan hafnarvogar), Kópnesbraut og götustubbar að lóðum Vegagerðarinnar, Félagsheimilisins og KSH.
2. Brekkugata hafi stöðvunarskyldu gagnvart Hafnarbraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Hólmavík sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Hólmavík, 10. september 1996.

Ólafur Þ. Hauksson.